


AUGLÝSING

um náttúruvætti.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að lýsa Laugarás í Reykjavík náttúruvætti.

Mörk náttúruvættisins eru þessi:

Að vestan frá stað gegnt Vesturbrún 26 merktum 1 á korti (hnit $x=19153.59$, $y=17852.25$), austur að punkti 2 ($x=19144.69$, $y=17855.53$). Þaðan til norðurs að punkti 3 ($x=19149.32$, $y=17885.30$). Þar beygja mörkin til norðausturs að punkti 4 ($x=19129.33$, $y=17929.27$), þá til suðausturs að punkti 5 ($x=19090.30$, $y=17916.55$), og enn til suðausturs að punkti 6 ($x=19037.75$, $y=17842.99$), áfram til suðurs að



punkti 7 ($x=19037.36$, $y=17769.37$). Síðan til suðausturs að punkti 8 ($x=19007.14$, $y=17745.28$) sem er rétt austan við gatnamót Dyngjuveggar. Þaðan fylgja mörkin götubrún í vestur að punkti 1. (Hnit þessi eru í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951).

Eftirfarandi reglur gilda um svæðið:

1. Óheimilt er að raska landi á hinu friðlýsta svæði eða skerða jarðmyndanir á nokkurn hátt.
2. Gangandi mönnum er heimil umferð um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt.
3. Hvers konar losun jarðefna, rusls og sorps er óheimil.
4. Stefnt skal að verndun gróðurs sem einkennt hefur Laugarás.
5. Umsjón náttúruvættisins skal vera í höndum umhverfismálaráðs Reykjavíkur sem samþykkir legu og gerð gangstiga, uppsetningu bekkja og hvers konar búnað til þæginda fyrir vegfarendur. Girðing við lóðamörk skal einnig vera í umsjá umhverfismálaráðs. Önnur mannvirkjagerð er óheimil á hinu friðlýsta svæði.
6. Áætlun um deiliskipulag á óbyggðu svæði við náttúruvættið skal háð samþykki Náttúruverndarráðs. Í henni skal miðað við að mesta húshæð verði 47.5 m y.s. og mannvirki verði ekki nær náttúruvættinu en 4—8 m og á austurmörkum ekki nær því en 8 m.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs og umhverfismálaráðs.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 5. janúar 1982.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum nr. 338/1978.

1. gr.

3. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en kr. 5 180,00 á rúmlest í skipi. Sé skip yngra en 15 ára, hækkar hámarkið um kr. 518,00 á rúmlest fyrir hvert ár upp í kr. 9 176,00 á rúmlest.

2. gr.

Upphaf 4. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur skulu aldrei vera hærri en kr. 1 554 þúsund, vegna eins skips.

3. gr.

2. mgr. 10. greinar hljóði svo:

Árgjöld skulu vera kr. 166,00 á rúmlest af tréskipum og kr. 83,00 á rúmlest af stálskipum. Þó skal árgjald ekki vera herra en kr. 24 790,00 af einu skipi.